



DJÚPAVOGSHREPPUR

BYGGINGARFULLTRÚI

Sveitastjórn

Minnisblað umsjónarmanns byggingarfulltrúa

04.09.2020

Grunnskóli Djúpavogs - stækkun

Staða verkefnis lok ágúst 2020

Báðir áfangar eru komnir nokkuð nálægt því að vera full kláraðir. Aukaverk voru ekki mikil sem tengd voru beint verkefninu en þó rökrétt afleiðing þessarar framkvæmdar. Má þar nefna sem dæmi auka loftræstingu sem fór inn á bókasafnið, lagfæringar á ræstirýmum, auka hurð í eldri stofu, auka vaska í eldi stofur og málningarvinnu við eldri gang og ræstirými. Eitthvað var um magnaukningar en jöfnuðust nokkuð út á móti því sem minna var af og fóru þeir verkliðir sem voru inn í tilboðum ekki mikið fram úr áætlun. Þar sem samið var um afslátt í stað dagsekta þegar verkið fór fram úr tíma stefnir í að verkið verði í heild undir áætlun.

Óklárað:

Lóðarframkvæmdir voru ekki inn í tilboðum og koma því seina inn sem aukaverk að hluta. Þar má nefna körfuboltavöllinn, sléttun á undirlagi á leikvelli, uppsetning á eldri tækjum, palla við innganga og ef til vill fleira smálegt á lóð.

Staða Grunnskóla 04.09.2020	
Upphaflegt tilboð	111.756.502 ISK
Staða með reikningum sem komnir eru inn	103.147.102 ISK
Aukaverk til greiðslu núna	8.629.931 ISK
Reikningar úr tilboði til greiðslu núna	2.045.390 ISK
Heildar eftirstöðvar frá deginum í dag með áætluðum aukaverkum og magnaukningum, geymslufé og ógreiddum reikningum 04.09.2020	20.012.371 ISK

Samskipti við verktaka hafa verið með besta móti og nefna má þar sem dæmi að eftirlitsmaður fann að frágangi á dúk inn á baðherbergjum og gaf verktakinn rífligan afslátt af þeirri vinnu. Hafa ber einnig í huga að drög á verklokum voru ekki síst sökum aðstæðna í samvéluginu sem og mikils magns af aukaverkum sem verktaki tók vel í þrátt fyrir miklar annir.

Hafa ber í huga að samþykkt voru áform um uppbyggingu á leiksvæði á síðasta fundi SFU og er brýn þörf á því að hefja þá hönnunarvinnu sem fyrst svo hægt sé að fara í framkvæmdir næsta sumar.

Með bestu kveðju
Rúnar Matthíasson
Umsjónarmaður fasteigna

Djúpavogshreppur

Heimilisfang	Sími	Bréfsími	Netfang	Vefsíða	Kennitala
Bakki 1	470 8700	478 8188	byggingarfulltrui@djupivogur.is	www.djupivogur.is	570992-2799

765 Djúpivogur